

## FORSETAÚRSKURÐUR

### um breytingu á forsetaúrskurði nr. 15/2017, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, staðfesti svohljóðandi forsetaúrskurð um breytingu á forsetaúrskurði nr. 15/2017, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr.:

1. Við 10. tölul. bætist nýr stafliður sem orðast svo: Landskipti.
2. Á eftir b-lið 14. tölul. kemur nýr stafliður sem orðast svo: Skipströnd og vogrek.

2. gr.

Á eftir k-lið 8. tölul. 4. gr. koma fimm nýir stafliðir sem orðast svo:

- l. Skortsölu og skuldatryggingar.
- m. Viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.
- n. Vátryggingasamsteypur.
- o. Lánshæfismatsfyrirtæki.
- p. Evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr.:

1. Í stað orðsins „Fólksflutninga“ í d-lið 2. tölul. kemur: Farþegaflutninga.
2. H-liður 2. tölul. fellur brott.
3. E-liður 5. tölul. fellur brott.

4. gr.

Forsetaúrskurður þessi, sem á sér stoð í 15. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, og 4. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 30. júní 2017.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Bjarni Benediktsson.*